

Fundargerð

Árið 2025, mánudaginn 16. júní kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Skuggasundi 3.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Friðjón Einarsson, Dan Jens Brynjarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Elvari Björnssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuð: Theódóra S. Þorsteinsdóttir.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð

2. maí

Lögð var fram til samþykktar fundargerð frá 2. maí 2025.

Fundargerð frá 2. maí 2025 samþykkt án athugasemda.

2. Framlag vegna fjárhagserfiðleika

Árborg

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 10. júní 2025, vegna umsóknar Sveitarfélagsins Árborgar um framlag vegna vinnu við fjárhagslega endurskipulagningu.

Sveitarfélagið Árborg gerði í mars 2023 samkomulag við innviðaráðherra um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit á grundvelli 2. mgr. 83. gr. sveitarstjórnarlaga. Meðal markmiða samkomulagsins var að stuðla að markvissri vinnu við fjárhagslega endurskipulagningu og hagræðingu í rekstri svo fjárhagslegri sjálfbærni og fjárhagslegum markmiðum sveitarstjórnarlaga yrði náð. Í 4. gr. samkomulagsins kemur fram að ráðuneytið muni beita sér fyrir því að veitt verði framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til greiðslu kostnaðar vegna fjárhagslegrar úttektar.

Sveitarfélagið hefur þegar fengið framlög úr Jöfnunarsjóði að fjárhæð 33,8 m.kr. á grundvelli samkomulagsins. Þar af eru 31,8 m.kr. vegna ráðgjafar KPMG og 1,9 m.kr. vegna ráðgjafar LEX. Í

nóvember 2024 óskaði sveitarfélagið eftir framlagi að fjárhæð 34,3 m.kr. í tengslum við ráðgjafakostnað KPMG, LEX og 101 ráðgjafar vegna ráðgjafakostnaðar sem féll til á árunum 2023-2024. Í apríl 2025 óskaði sveitarfélagið eftir viðbótarframlagi vegna þeirrar ráðgjafar sem sveitarfélagið hefur greitt á tímabilinu október 2024 fram í mars 2025 upp á samtals 8,4 m.kr.

Samtals óskar Sveitarfélagið Árborg eftir framlagi að upphæð 42,7 m.kr. á grundvelli 4. gr. samkomulags þess við innviðaráðherra.

Í 3. gr. samkomulagsins eru skyldur sveitarstjórnar raktar, þar kemur fram að unnið verði að markvissri aðgerðaráætlun sem tekur til hagræðingar í rekstri með sundurliðun aðgerða og tímasetningu. Þar segir jafnframt að ráðinn skuli óháður ráðgjafi til að vinna með sveitarstjórn og starfsfólki að fjárhagslegri greiningu og markmiðasetningu. Lögð verði áhersla á að greina tækifæri til tekjuaukningar, bæði til skemmri og lengri tíma. Ljóst er að vinna KPMG hefur að stjórum hluta farið í að uppfylla skilyrði 1. og 2. töluliðar 3. gr. þ.e. gerð aðgerðaráætlunar og ráðgjöf í tengslum við fjárhagslega greiningu og stefnumótun. Eins og fram kemur í aðgerðaráætlun sveitarfélagsins frá árinu 2023, sem er hluti af samkomulaginu, var einnig unnið í samstarfi við ytri ráðgjafa að sölu fasteigna og lóða með það að markmiði að hámarka verðmæti eignanna og auka tekjur.

Í ljósi framangreinds og með vísan til 4. gr. samkomulagsins er lagt til að sveitarfélaginu verði veitt endurgreiðsla að fjárhæð 27.939.012 kr. vegna ráðgjafavinnu KPMG, LEX og 101 Ráðgjafar. Verði tillagan samþykkt er heildarframlag Jöfnunarsjóðs til Sveitarfélagsins Árborgar samtals 61.710.127 kr. og jafngildir það útlögðum kostnaði sveitarfélagsins við ráðgjöf án vsk., enda á sveitarfélagið rétt á endurgreiðslu vsk. vegna sérfræðipjónustu.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja framlag að fjárhæð 27.939.012 kr. vegna ráðgjafarvinnu við fjárhagslega endurskipulagningu. Jafnframt bendir nefndin á það að hér sé um að ræða lokagreiðslu til Sveitarfélagsins Árborgar vegna samkomulags þess við innviðaráðherra, sem rann út í byrjun maí sl. Dan Jens Brynjarsson sat hjá við afgreiðslu málsins.

Þá vill ráðgjafarnefndin beina því til innviðaráðuneytisins að við gerð slíkra samkomulaga, í framtíðinni, verði þess gætt að sett verði hámark á framlag til greiðslu kostnaðar.

Grindavík

Lagt var fram til umfjöllunar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 13. júní 2025, vegna samkomulags innviðaráðherra og Grindavíkurbæjar frá 24. febrúar 2024 og viðauka við framangreint samkomulag frá því í desember sama ár.

Í umræðu um málið var m.a. vísað í framangreint viðaukasamkomulag þar sem fram kemur að gert sé ráð fyrir því að Jöfnunarsjóður muni veita Grindavíkurbæ allt að 600 m.kr. framlag á árinu 2025 en að Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hafi umsjón með mati á fjárþörf sveitarfélagsins og leggi til við ráðherra umfang og tímasetning greiðslu framlaganna. Við mat sitt eigi nefndin að taka mið af því að sveitarfélagið gangi ekki að lánsfjármörkuðum vísum og að lausafjárstaða sveitarfélagsins sé nægilega sterk til að sveitarfélagið geti staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar.

Fram kom á fundinum að samkvæmt ársreikningi Grindavíkurbæjar 2024 nemi handbært fé í árslok rúmlega 3,3 ma. kr. og að í því ljósi taldi nefndin að ekki væri tímabært að taka ákvörðun um að sjóðurinn greiði sveitarfélaginu framlag vegna fjárhagserfiðleika að svo stöddu.

3. Frumvarp um Jöfnunarsjóð

Fram kom að starfsmenn Jöfnunarsjóðs fóru á fund umhverfis- og samgöngunefndar þann 15. maí þar sem frumvarpið var kynnt og spurningum var svarað. Greint var frá því að framsögumaður frumvarsins er Dagur B. Eggertsson alþingismaður.

4. Umsókn vegna skólaaksturs 2024

Skaftárhreppur

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 11. júní 2025, vegna erindis Skaftárhrepps um ósk um endurútreikning á viðbótarframlagi vegna skólaaksturs árið 2024.

Í upphaflegri umsókn sveitarfélagsins var uppgefinn kostnaður vegna skólaaksturs úr dreifbýli 47,5 m.kr. en í raun nam kostnaðurinn 58,1 m.kr. Mismunurinn hljóðar því upp á 10,5 m.kr.

Verði ósk sveitarfélagsins samþykkt myndi það leiða til þess að Skaftárhreppur fengi 2.263.023 kr. til viðbótar við þær 5.959.587 kr. sem sveitarfélagið fékk úthlutað í desember.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja viðbótarframlag vegna skólaaksturs á árinu 2024 til Skaftárhrepps að fjárhæð 2.263.023.kr.

5. Framlög til landshlutasamtaka sveitarfélaga

Tillaga að úthlutun vegna sóknaráætlana 2025

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 1. júní 2025, varðandi sóknaráætlana landshluta 2025. Allt frá árinu 2012 hefur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga komið að greiðslu framlaga til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna þátttöku þeirra í verkefninu sóknaráætlanir landshluta. Framlöggin eru veitt á grundvelli e. liðar 7. gr. reglugerðar 1088/2018 um Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Framlagið er ætlað að koma til móts við kostnað samtakanna vegna ferðalaga og fundarhalda um framkvæmd verkefnisins bæði innan landshluta og í samskiptum við önnur landshlutasamtök og stjórnvöld á höfuðborgarsvæðinu.

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs lagði til að við útreikning framlagsins yrði tekið mið af hækkun neysluverðsvísitölu og launavísitölu fyrir árið 2024. Myndi framlagið fyrir 2025 þá vera um 51,6 m.kr. sem er hækkun um tæpar 2,3 m.kr. miðað við árið 2024.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja framlag að fjárhæð 51,6 m.kr. vegna samstarfsverkefna landshlutasamtaka sveitarfélaga árið 2025.

6. Fjármál sveitarfélaga

Niðurstöður ársreikninga 2024

Kynntar voru niðurstöður ársreikninga sveitarfélaga fyrir árið 2024 sem sýna verulegan bata í rekstri A-hluta sveitarfélaga miðað við fyrri ár. Rekstrarniðurstaðan reyndist jákvæð, 3,8% af heildartekjum, og er það í fyrsta sinn frá árinu 2019 sem svo er. Batanum er einkum hægt að þakka minni aukningu í lífeyrisskuldbindingum, sem höfðu umtalsverð áhrif á útkomu síðustu ára og hækkun á framlögum Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðs fólks.

7. Framlag vegna eflingar tónlistarfræðslu 1. gr. 2025

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu áætlun um framlög til eflingar tónlistarnáms skólaárið 2025-2026, skv. 2. mgr. 1. gr. reglna um um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings tónlistarnáms og jöfnunar á aðstöðumun nemenda, ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi.

Á grundvelli 3. gr. reglnanna ber sveitarfélögum að senda skrá um nemendur sem stunda eða hafa stundað tónlistarnám á yfirstandandi skólaári sem fellur undir 2. mgr. 1.gr. Á grundvelli þeirra upplýsinga um kennslumagn á yfirstandandi skólaári, sbr. 3. gr., birtir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga upplýsingar um skiptingu framlaga milli sveitarfélaga vegna kennslu nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleik og söng ásamt miðnámi í söng, skv. 2. mgr. 1. gr. að teknu tilliti til fjármagns sem er til úthlutunar hverju sinni.

Við útreikning á kennslumagni eru raunverulegar kennslumínútur umreiknaðar yfir í einingar út frá stuðlum í kjarasamningi tónlistarkennara. Fjármagn hvers árs er greitt úr ríkissjóði skv. samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 29. mars 2022. Framlög ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð vegna eflingar tónlistarnáms er 776,3 m.kr. á árinu 2025.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja áætlun um skiptingu framlaga vegna 1. gr. reglna um framlög úr Jöfnunarsjóði til stuðnings tónlistarnáms á skólaárinu 2025-2026 að fjárhæð 753,3 m.kr.

8. Framlag vegna þyngjandi kostnaðar

Sveitarfélagið Vogar

Lagt var fram til kynningar yfirlit, unnið af starfsmanni Jöfnunarsjóðs byggt á gögnum frá Þjóðskrá Íslands. Yfirlitið sýnir hvar börn á grunnskólaaldri, sem voru með lögheimili í Grindavík fyrir jarðhræringarnar, eru skráð til heimilis í dag. Samkvæmt yfirlitinu eru börn frá Grindavík nú rúmlega 15% af heildarfjölda barna í Sveitarfélaginu Vogum og er það langt um hærra hlutfall en í öðrum sveitarfélögum. Því er ljóst er að sveitarfélagið hefur orðið fyrir talsverðum áhrifum af jarðhræringunum í Grindavík.

9. Nýtt samkomulag

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 12. júní 2025, um nýtt samkomulag við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.

Samkvæmt samningi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, Menntamálastofnunar og Sambands íslenskra sveitarfélaga annast Menntamálastofnun upplýsingaöflun vegna útreiknings framlags vegna grunnskólanemenda með íslensku sem annað tungumál. Vísað er til samkomulagsins í 5. gr. reglugerðar nr. 351/2002 um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla. Síðast var gerður samningur milli aðila árið 2017.

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu tók til starfa síðastliðið vor en samhliða því var Menntamálastofnun lögð niður. Nýja stofnunin starfar í þágu barna og ungmenna á sviði menntamála og þjónustar leik-, grunn- og framhaldsskóla um land allt með áherslu á gæði menntunar og skólaþjónustu. Síðastliðið vor var undirritaður samningur milli mennta- og barnamálaráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og stofnunarinnar um þróunarverkefnið Menntun Móttaka Menning – MEMM.

Um er að ræða 2ja ára þróunarverkefni sem leitt er af ráðuneytinu en unnið í samstarfi við sveitarfélög og stofnanir sem unnið hafa stuðningi við menntun og móttöku barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Sambandið leggur til að gert verði nýtt samkomulag við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og það tengd með beinum hætt MEMM verkefninu. Samkomulagið myndi gilda til ársins 2026. Samband íslenskra sveitarfélaga verði jafnframt aðili að samkomulaginu og að gert verði ráð fyrir fjármögnun eins stöðugildis af hálfu Jöfnunarsjóðs.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að gert verði nýtt samkomulag Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs til ársins 2026. Jafnframt óskaði nefndin eftir að Miðstöð menntunar og skólaþjónustu skili sjóðnum framvinduskýrslu.

10. Almenn framlög vegna fatlaðs fólks 2025

Áætlun 3

Lögð var fyrir nefndina 3. áætlun framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk árið 2025 ásamt minnisblaði starfsmanns sjóðsins vegna hennar. Fjárhæð áætlunarinnar nemur 40.220 m.kr. Áætlunin byggir á sama notendagrunni og 2. áætlun 2025 með tilliti til uppfærslna á SIS mötum og athugasemdum frá þjónustusvæðum við notendalista. 1.687 notendur standa að baki áætluninni, 1.394 fullorðnir og 293 börn. Nýliðun kemur jafnan inn tvisvar á ári í samskiptum við þjónustusvæðin, annars vegar að vori og svo aftur að hausti.

Framlög eru reiknuð með eiginfjármögnun sem nemur 0,25% útsvarsstofns, alls 46.655 m.kr. og skiptast í framlög á grunni stuðningsþarfar; 88%, framlög á grunni útsvars; 10,75% og á grunni innviða; 1,25%. Frá áðurnefndri 46,7 ma. tölu er loks dregin frá eiginfjármögnunin sem er áætluð um 6,8 ma. kr.

Að lokinni umfjöllun nefndarinnar samþykkti hún áætlunina fyrir sitt leyti til greiðslu framlaga fram að næstu áætlun. Gert er ráð fyrir að áætlunin verði tekin upp í nóvember 2025.

11. Samkomulag um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga vegna málaflökks fatlaðs fólks 2023

Verkefni Jöfnunarsjóðs

Í september 2024 voru lögð fram í samráðsgátt stjórnvalda drög að nýrri reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk. Meðal efnisbreytinga frá núverandi reglugerð nr. 192/2023 var áskilnaður um SIS mat þeirra notenda sem eru andlag almennra framlaga sjóðsins. Breytingatillagan er gerð í kjölfar samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá því í desember 2023 og var meðal þeirra atriða sem samkomulag varð um. Nefndarmenn ræddu breytingatillögurnar auk efnisatriða samkomulagsins, sem og samhengi þess við efndir annarra atriða sama samkomulags og lögfræðileg álitaefni. Var niðurstaða nefndarinnar að óska eftir því að lögfræðingur innviðaráðuneytisins legði mat á reglugerðina með hliðsjón af öðrum gildandi réttarheimildum og kæmi að því loknu á fund nefndarinnar til frekari umræðu.

Að lokinni umræðu var málinu frestað til næsta fundar.

12. Tölvumiðstöð fatlaðra

Umsókn

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 13. júní 2025, vegna umsóknar Tölvumiðstöðvar fatlaðra um viðbótarfjármagn.

Óskað er eftir framlagi, sem samsvarar einu stöðugildi til að mæta auknum kröfum um stafræna færni fólks með fötlun, að fjárhæð 14 m.kr. til frambúðar til viðbótar við framlag sem TMF Tölvumiðstöð fær vegna verkaskipta samkomulags vegna framlaga úr ríkissjóði í Jöfnunarsjóð vegna framlaga vegna eflingar tónlistarfræðslu.

Framlag ársins 2025 til TMF nemur 14,6 m.kr. og er það dregið af framlögum til sveitarfélaga á árinu. Úthlutun framlaga gæti byggð á 4. gr. reglugerðar um framlög sjóðsins vegna þjónustu við fatlað fólk þar sem segir að sjóðnum sé heimilt að ráðstafa fjármagni til einstakra verkefna sem nýtist sveitarfélögum til framþróunar í málaflokknum.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að fresta afgreiðslu umsóknarinnar og óska eftir áliti stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

13. Framlög vegna rekstrarúttekta og úttekta vegna gæðamála

Yfirlit

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir framlög Jöfnunarsjóðs vegna rekstrarúttekta og úttekta vegna gæðamála til sveitarfélaga fyrir tímabilið 2022-2025.

14. Umsókn vegna innra eftirlits

Reykjavíkurborg

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Reykjavíkurborgar, dags. 21. maí 2025, þar sem óskað er eftir framlagi vegna innra eftirlits í þjónustu við fatlað fólk. Sótt er um framlagið á grundvelli 1. töluliðar 4. gr. reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk nr.192/2023.

Alls er sótt um framlag að fjárhæð 30 m.kr. til ráðningar sérfræðinga í tvö stöðugildi. Sérfræðingarnir eigi m.a. að sinna heimsóknum á starfseiningar til að fylgja gæðaviðmiðum og meta þörf á frumkvæðisathugunum velferðarsviðs, sinna fræðslu um gæðastjórnun og vinna með teymi árangurs og gætamats að gerð úrbótaáætlana.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að hafna umsókninni á grundvelli þess að áður hafi Reykjavíkurborg fengið samþykkt framlag á árinu 2024 í sambærilegt verkefni.

15. Fasteignasjóður

Grýtubakkahreppur

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Grýtubakkahrepps, dags. 14. júní 2025, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna fjölmargra úrbóta við Grenivíkurskóla. Aðgengi að húsinu er utan frá á báðum hæðum, kennslustofur á efri hæð og matsalur á neðri hæð ásamt íþróttasal. Fyrirhugað er að setja lyftu í húsið til að bæta aðgengismál fatlaðra nemenda. Samanlagður áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna eru 17-18 m.kr.

Sótt er um vegna úrbóta í aðgengismálum við Grenivíkurskóla. Aðgengi að húsinu er utan frá á báðum hæðum, kennslustofur á efri hæð og matsalur á neðri hæð ásamt íþróttasal. Fyrirhugað er að setja lyftu í húsið til að bæta aðgengismál fatlaðra nemenda. Áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna eru 19.240.000 kr.

Sótt er um framlagið á grundvelli a. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Eyjafjarðar á tímabilinu 2025-2026 geti numið 35.926.489 kr. Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 9.620.000 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að fresta afgreiðslu á grundvelli þess að skipting fjármagns á Eyjafjarðarsvæðinu liggur ekki fyrir. Starfsmanni falið að kalla eftir skiptingu framlaga niður á sveitarfélögin.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 14:19.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir